

## 17. Grein - Skátaping

Lagt er til að eftirfarandi sé bætt við 2. mgr. 17 greinar og að lögin taki strax gildi og gildi þannig um fundargerð Skátapings 2024.

### 17. GREIN - SKÁTAPING

Skátaping fer með æðstu stjórn í málefnum Bandalags íslenskra skáta. Þingið skal halda ár hvert í mars- eða aprílmánuði, eftir ákvörðun stjórnar BÍS. Til Skátapings skal boða með minnst 6 vikna fyrirvara.

Í fundarboði skal **tilgreina hvar og hvenær þingið fari fram**, til hvaða starfa skuli kjósa á þinginu og hver framboðsfrestur er. **Í fundarboði skal tilgreina hvort rafræn þátttaka verði möguleg og hvort þau sem taka þátt rafrænt hafi málfrelsi og tillögurétt eða atkvæðisrétt á þinginu.** Kosningarár skal fara fram á sléttu ártali.

Aukaping skal halda ef stjórn eða meirihluti virkra skátafélaga telja það nauðsynlegt og skal boða til þess með minnst 15 daga fyrirvara.

Stjórn BÍS ákveður þingstað hverju sinni.

#### Flutningsaðili:

Stjórn BÍS

#### Greinagerð:

Í september 2023 hlaut Bandalag íslenskra skáta skráningu almannaheillafélags og þarf þannig að lúta [lögum nr. 110/2021](#) en í 11. gr. um aðalfundarboð í IV. kafla þeirra laga segir.

“Aðalfundarboð.

Aðalfund skal boða eftir því sem mælt er fyrir um í samþykktum félagsins. Í fundarboði skal greina hvar og hvenær fundurinn verður haldinn.

Tekið skal fram í fundarboði eigi félagsmenn rétt á að taka þátt í fundinum á rafrænan hátt. Þess skal jafnframt getið verði tjáningarfrelsi þeirra sem þannig taka þátt takmarkað á einhvern hátt.

Málefnum skv. 10. gr. verður ekki ráðið til lykta á fundinum sé þeirra ekki getið í fundarboði.”

Með þessum breytingum er fest í lögum BÍS verklag til að uppfylla þessi skilyrði laganna.

